

# Samningur

## milli Sinfónuhljómsveitar Norðurlands annarsveggar og Félags Íslenskra hljómlistarmanna hinsveggar um kaup og kjör hljóðfæraleikara í Sinfónuhljómsveit Norðurlands

### 1.gr.

Grunntímalaun eru kr. 1.950.- Ofan á grunntímalaun skal greiða 8% hljóðfæra- og fatagjald og 30% launatengd gjöld. Tímalaun eru samtals kr. 2.691.-

### 2.gr.

Á samningstímabilinu tekur samningurinn eftirfarandi hækkunum:

- 1. janúar 2006 3%
- 1. janúar 2007 3%
- 1. janúar 2008 2,5%

### 3.gr.

Afingga- og tónleikatími fyrir hverja tónleika er að lágmarki 15 klst. Fyrir endurtækningu á tónleikum greiðast 7,5 klukkustundir.

### 4. gr.

Fyrir leik á aukahljóðfæri skal greiða 15% álag, fyrir tvö 20%, þriju 25% en að hámarki 30% ef um mörg aukahljóðfæri er að ræða.

### 5. gr.

Heimilt er að útværpa eða sjónvarpa broti af æfingum eða tónleikum til kynningar, en fyrir útsendingu á tónleikum í útvarpí/sjónvarpi skal greiða sérstaklega.

### 6.gr.

SN greiðir ferðir og upplíald fyrir þá sem búa utan Eyjafjarðarsvæðis. Einnig sér SN öllum hljóðfæraleikurum fyrir fæði á æfingum.

### 7. gr.

Vinnulaun greiðast eigi síðar en 3 vikum eftir tónleika.

### 8.gr.

Um laun einleikara/einsöngvara, konsertmeistarara og stjórnanda er samið sérstaklega.

### 9. gr

Nemendur tónlistarskóla sem taka þátt í flutningi með hljómsveitinni taka ekki laun samkvæmt þessum samningi.

**10. gr.**

Þeir hljóðfærarleikarar sem ekki eru félagar í Félagi íslenskra hljómlistarmanna og taka þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands greiða hverju sinni C-mánaðargjald til FÍH. Skal skrifstofa SN standa skil á þeim greiðslum fyrir þeirra hönd.

**11 gr.**

Senja skal sérstaklega um skemmri tónlistarflutning og skólatónleika.

**12.gr.**

Samkomulag þetta gildir frá 4. október 2005 til 4. október 2008.

Akureyri 4. október 2005

Fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar  
Norðurlands

Fyrir hönd Félags íslenskra  
hljómlistarmanna

_____	_____
_____	_____
_____	_____